Samkvæmt framangreindu er óheimilt að láta tré vaxa upp í hindranafleti flugvallarins, á sama máta og óheimilt er að byggja mannvirki sem fara upp í hindranafleti, án samþykkis Samgöngustofu. Í þessu samhengi er vísað til skipulagsreglna Reykjavíkurflugvallar sem sýna þau svæði, hindranafleti, sem um ræðir á og í nágrenni við flugvöllinn.

Samgöngustofa kallar hér með eftir því að Reykjavíkurborg bregðist við og lækki og/eða felli trjágróður og taki þátt í því með Isavia innanlandsflugvöllum í kjölfarið að vakta vel og reglulega allan trjágróður umhverfis flugvöllinn til að koma í veg fyrir endurtekningu á því að trjágróður skapi óásættanlega áhættu fyrir flugöryggi.

Samgöngustofa vísar einnig til 149. gr. laga um loftferðir um framfylgni með skipulagsreglum flugvallar. Ákvæðið er svohljóðandi:
Sveitarstjórnum skal heimilt að beita valdheimildum sínum samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki til að tryggja framfylgni við skipulagsreglur flugvallar sem tekið hafa gildi. Þar sem eftirliti sveitarstjórna á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki sleppir skal Samgöngustofa hlutast til um að skipulagsreglum flugvallar sé framfylgt.
Ef takmörkun samkvæmt skipulagsreglum er ekki hlítt án þess að fyrir liggi samþykki Samgöngustofu skv. 2. mgr. 148. gr. skal Samgöngustofa setja þeim er í hlut á frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir ef ekki er framfylgt skilyrðum fyrir samþykki skv. 148. gr.

Ef frestur líður án þess að úr sé bætt er Samgöngustofu heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina lögreglu.

Samgöngustofa vísar jafnframt til 232. gr. laga um loftferðir varðandi verndarráðstafanir:
Samgöngustofu er heimilt að grípa til hvers konar ráðstafana til að bregðast við byrjuðum eða yfirvofandi vanda er tengist öryggi í flugi ef vandinn felur í sér alvarlega áhættu á sviði flugöryggis og þörf er á tafarlausum aðgerðum til að bregðast við.

Samkvæmt framangreindu hefur Samgöngustofa veitt Isavia innanlandsflugvöllum frest til 2. september nk. til þess að framkvæma úrbætur vegna umrædds fráviks sem felst í að lækka trjágróður í Öskjuhlíð niður fyrir hindranafleti í að- og brottflugsferlum. Fari svo að Isavia innanlandsflugvellir nái ekki samkomulagi við Reykjavíkurborg um aðgerðir mun Samgöngustofa fara í nauðsynlegar aðgerðir til þess að fjarlægja þær hindranir sem eru í Öskjuhlíð, á kostnað Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

Hákon Varmar Önnuson,
Eftirlitsmaður flugvalla

Erla Daðadóttir,
lögfræðingur

Afrit: Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia innanlandsflugvalla
Fylgiskjöl: Minnisblað ISI dags. 6. júlí 2023

Reykjavík, 14. október 2024
USK23080128

Samgöngustofa
Ármúla 2
108 Reykjavík

Efni: svar við erindi Samgöngustofu til Reykjavíkurborgar, dags. 27. maí 2024.

Vísað er til framangreinds erindis Samgöngustofu þar sem Reykjavíkurborg er gert að bregðast við og lækka og/eða fella trjágróður í Öskjuhlíð. Verði þeim aðgerðum ekki lokið fyrir 2. september 2024 muni Samgöngustofa láta fjarlægja trén á kostnað borgarinnar.

Forsaga
Árið 2017 voru felld 140 tré í Öskjuhlíð í samvinnu Isavia ohf. og Reykjavíkurborgar. Fram til ársins 2022 voru felld um það bil 10 tré á ári í samráði við Isavia. Árið 2023 barst svo Reykjavíkurborg erindi/minnisblað frá Isavia innanlandsflugvöllum ehf. (Isavia) þar sem þess er krafist að Reykjavíkurborg bregðist við án tafar og annað hvort felli um 2900 tré, og bregðist þannig við í eitt skipti fyrir öll, eða felli um 1200 tré þá þegar. Í minnisblaðinu er vísað til tvenns konar hindranaflata umhverfis flugvöllinn, sk. VSS og OCS flata. Engin hindrun megi fara upp í OCS flötinn, VSS-flötur skuli einnig vera hindranalaus en fari hindrun upp í hann megi meta áhrif hennar á öryggi og niðurstaða slíks mats geti verið að lækka hindrun eða fjarlægja. Ekki kemur fram í minnisblaðinu hvar í íslenskum rétti sé fjallað um OCS og VSS fleti og skyldu sveitarfélags til að tryggja að gróður eða aðrar hindranir skagi ekki upp í þá.

Í framangreindu erindi Samgöngustofu frá 27. maí sl. er vísað til minnisblaðs Isavia án frekari skýringa. Vísað er til 148. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, sem kveði á um frávik frá hæðartakmörkunum o.fl. við setningu skipulagsreglna þar sem fram komi að óheimilt sé að víkja frá hæðartakmörkunum sem kveðið sé á um í skipulagsreglum flugvallar án samþykkis Samgöngustofu. Samgöngustofa fer í erindinu fram á að Reykjavíkurborg bregðist við og lækki eða felli trjágróður í Öskjuhlíð að öðrum kosti muni stofnunin láta fella tré í landi borgarinnar á hennar kostnað. Ekki kemur fram nákvæmlega hversu mörg tré en leiða má líkur að því að annað hvort sé átt við 1200 tré eða 2900 tré sbr. minnisblaðið sem fylgir erindinu og vísað er til án athugasemda.

Að beiðni Reykjavíkurborgar áttu fulltrúar borgarinnar tvo fundi með fulltrúum Samgöngustofu í ágúst sl. Á þeim fundum var farið yfir hvað fælist í OCS og VSS-flötum og voru það góðir fundir þrátt fyrir að ekki fengjust fullnægjandi skýringar á því hvar í íslenskum lögum væri að finna grundvöll þeirrar kröfu sem sett hefði verið fram á hendur borginni um fellingu trjáa í Öskjuhlið, hvaða lagaheimildum (íslenskum) væri byggt á og hvernig krafan samrýmdist hindranaflötum sem birtir væru í gildandi skipulagsreglum flugvallarins.

Reykjavíkurborg lét engu að síður fella 35 tré í Öskjuhlíð í byrjun september, nánar til tekið þau tré sem þegar sköguðu upp í OCS-flöt þegar mælt var árið 2022 og svo þau tré sem ætla má að gætu vaxið upp í hann á þessu ári, 2024. Reykjavíkurborg upplýsti

einnig Samgöngustofu um að samtal hefði verið í gangi milli borgar og Isavia um fyrirkomulag umhirðu skógarins í Öskjuhlíð til lengri tíma sem tæki tillit til framangreindra hindranaflata en tryggði á sama tíma að svæðið fengi að njóta sín sem sá vinsæli útivistarskógur borgarbúa sem það er. Samgöngustofa veitti þá Reykjavíkurborg frest í einn mánuð til að svara erindi stofnunarinnar.

Sjónarmið Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg gerir alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð Samgöngustofu sem uppfyllir engan veginn skilyrði stjórnsýslulaga um málsmeðferð við töku stjórnvaldsákvarðana. Um er að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun gagnvart Reykjavíkurborg þar sem gerð er krafa um að borgin láti fella stóran hluta trjáa í Öskjuhlið, einu helsta útivistarsvæði borgarinnar vestan Elliðaáa, að öðrum kosti verði það gert á kostnað borgarinnar og eftir atvikum með atbeina lögreglu. Reykjavíkurborg var ekki veitt færi á andmælum áður en ákvörðun var tekin, þrátt fyrir að um verulega íþyngjandi ákvörðun væri að ræða, og verður þegar af þeirri ástæðu að líta svo á að málið hafi ekki verið fullrannsakað af hálfu Samgöngustofu. Þá verður ekki séð að Samgöngustofa hafi lagt sjálfstætt mat á minnisblað Isavia og þannig uppfyllt rannsóknarskyldu sína sem sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem sinnir eftirliti með flugvellinum. Það er lágmarkskrafa að stofnunin sinni rannsóknarskyldu sinni, leggi sjálfstætt mat á málið og rökstyðji það mat gagnvart þeim aðila sem hún beinir stjórnsýsluvaldi sínu að. Verulega skortir einnig á að leiðbeiningarreglan sé uppfyllt. Þannig er hvorki skýrt hvar í lögum er að finna skýringar á þeim hindranaflötum sem krafa er gerð um að verði hindranalausir, né er leiðbeint um kæruheimild og fresti eins og ber að gera. Þegar af þessum orsökum má vera ljóst að framangreind ákvörðun uppfyllir ekki lágmarkskröfur stjórnsýslulaga og er haldin slíkum annmörkum að það ber að afturkalla hana.

Samkvæmt lögum um loftferðir eru afmarkaðir hindranafletir fyrir Reykjavíkurflugvöll í skipulagsreglum flugvallarins sem ekki er heimilt að skaga upp í nema með heimild Samgöngustofu. Núgildandi skipulagsreglur voru settar árið 2009 og í skilmálum þeirra um hindranafleti er fjallað um aðflugsfleti, flugtaksfleti, skáfleti og keiluflöt. Hvorki er minnst á OCS-flöt né VSS-flöt. Hindranafletir eins og þeir eru útskýrðir og birtir á uppdráttum með skipulagsreglunum taka mið af flugbrautinni, hefjast 60 m fyrir aftan þröskuld og liggja þaðan í ákveðnum halla óháð landslagi (1,15 gráður). Þannig liggur hindranaflötur í gegnum Öskjuhlíð en skilmálar gera ráð fyrir að þar sem land standi upp úr hindranafleti nú þegar megi þrátt fyrir það gera ráð fyrir byggingum allt að 18m yfir óhreyft land, en að þær séu hindranalýstar. OCS-flötur byrjar við þröskuld og rís þaðan eina gráðu undir aðflugshorni. VSS-flötur hefst aftur á móti 60m fyrir aftan þröskuld og rís þaðan 1.12 gráðum undir aðflugshorni. Fletirnir taka því mið af aðflugshorninu en miðast ekki við flugbrautina sjálfa óháð hæð á landi umhverfis völlinn. Þetta eru því gerólíkir fletir frá því sem skipulagsreglurnar kveða á um.

Heimildir Samgöngustofu samkvæmt 149. gr. laga um loftferðir takmarkast við að framfylgja takmörkunum sem ákveðnar eru í skipulagsreglum flugvallar. Samgöngustofa getur því ekki byggt á 149. gr. til að framfylgja takmörkunum sem ekki eiga stoð í skipulagsreglum flugvallar. Eins og að framan er rakið fjallar minnisblað Isavia um sk. OCS og VSS hindranafleti sem eru ekki sömu hindranafletir og núgildandi skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar kveða á um. Það er því niðurstaða Reykjavíkurborgar að ákvörðun Samgöngustofu eigi sér ekki lagastoð, sér í lagi þar sem um íþyngjandi ákvörðun gagnvart borginni er að ræða, en slíkar ákvarðanir þurfa ætíð að eiga sér skýra stoð í lögum.

Loks er rétt að nefna að nú er að störfum starfshópur skipaður af innviðaráðherra sem hefur það hlutverk að vinna drög að nýjum skipulagsreglum fyrir Reykjavíkurflugvöll, sbr. 147. gr. laga um loftferðir. Samkvæmt lögunum skulu skipulagsreglur fjalla um:

a. afmörkun flugvallarsvæðis, hindranaflata sem og annarra flata sem tengjast flugvellinum og áhrif kunna að hafa á öryggi flugvallar og flugumferðar þar sem nauðsynlegt er að setja takmarkanir á athafnir fólks og á hæð mannvirkja og annarra hluta, svo sem trjáa og stanga, eða takmörkun á meðferð mannvirkja eða hluta, t.d. að því er varðar veitukerfi eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis,
b. hnattstöðu og mestu hæð hindrana á aðflugs- og flugtakssvæðum, hringflugssvæði og annars staðar sem við á í nágrenni flugvallar,
c. skipulag, starfsemi og umferð innan flugvallarsvæðis.

Það verður því að teljast eðlilegt og sá farvegur sem löggjafinn ákveðið að að mál er varða mögulegar breytingar á hindranaflötum flugvallarins verði rædd á þeim vettvangi.

Niðurstaða

Með vísan til alls þess sem hefur verið rakið hér að framan fer Reykjavíkurborg fram á að Samgöngustofa afturkalli ákvörðun sína frá 27. maí sl. Þess er óskað að Reykjavíkurborg verði upplýst um ákvörðun Samgöngustofu og kæruleiðir og fresti eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Samrit:
Hjálagt:

Reykjavík

12. desember 2024

Hindranir við OCS og VSS fyrir flugbraut 13/31, Reykjavíkurflugölli

Útgáfa AC

Öskjuhlíð, Reykjavík

Tryggvi Stefánsson, Asra Salimi, Amir Hamedpour

Svarmi ehf.
Hlíðasmári 8
201 Kópavogur, Iceland
+354 555 1338

Rev.	Dagsetning	Lýsingar á breytingum	Nafn
AB	2024/11/08	• The text has been revised in many sections to improve clarity and readability. • Added information to the OCS and VSS result sections, that a tree was only considered as a tree if the height above ground was above 2.5m. • The total number of trees under the VSS and OCS was updated based on an improved classification method. This does not change the number of trees above the planes and slightly changed the number of trees below but close to the planes • Summary tables were added on the results of the classification in the OCS and VSS result sections • Updated figures 4, 6, 7, 8 and 9 • Added information to the last section (Georeferencing and Accuracy of the data) with better estimation on the accuracy of the classifications. • Replaced tables in Appendix	TS
AC	2024/12/04	• Skýrsla þýdd yfir á íslensku, titli á skýrslu breytt	TS

Efnisyfirlit

Yfirlit 4
Aðferðafræði 4
Niðurstöður: Hindranir við OCS 7
Niðurstöður: Hindranir við VSS 10
Hnitsetning og nákvæmni gagna 13
Viðauki 14

Yfirlit

Markmið verkefnisins var að nota dróna útbúnum LiDAR skynjara og myndavél til þess að kortleggja eða skanna skóglendi í Öskjuhlíð í stefnu flugbrautar 13/31 á Reykjavíkurflugvelli. Þau gögn sem til urðu við skönnunina voru notuð til þess að greina hindranir yfir eða nálægt flötum sem nefnast á ensku Obstacle Free Surface (OCS) og Visual Segment Surface (VSS). Á mynd 1 má sjá það svæði sem var skannað og notað til að greina hindranir við OCS og VSS.



Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu flugbrauta 13/31 við Reykjavíkurflugvöll BIRK ásamt legu flatanna OCS og VSS. Grænu útlínurnar á myndinni sýna það svæði sem var skannað og er notað í þessari skýrslu til að greina hindranir við OCS og VSS.

Aðferðafræði

Þann 4. október 2024, á milli kl. 11:00 og 13:00, var svæðið kortlagt með dróna, með áföstum LiDAR skanna og var heildarstærð á svæðinu um 0,406 km². Við þessa mælingu varð til 3D punktaský þar sem hver punktur var nákvæmlega staðsettur í rými með x, y og z hnitum. Punktaskýið var með meðal þéttleika um 1.674 punkta á hvern fermetra, sem jafngildir meðalfjarlægð milli punkta upp á um 2,5 cm. Þessi þéttleiki var nægjanlegur til að greina hindranir, flokka tré og mæla hæðir yfir eða undir CSS og Brottflugsflötum með sentímetra nákvæmni. Samtímis voru teknar RGB ljósmyndir sem bætti enn frekar við greiningar hlutann í punktaskýinu. Mynd 2 sýnir hvernig OCS (blár) og VSS (rauður) fletirnir eru staðsettir í samhengi við punktaskýið.

Mynd 2. Skjáskot af punktaskýinu sem varð til við LiDAR skönnunina (punktaský litað með gögnum úr myndavél) ásamt flötunum OCS (blár) og VSS (rauður).

Fyrir bæði OCS og VSS voru allir punktar sem fóru upp fyrir fletina greindir og þyrpingar punkta greindir sem hindrun. Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að allar þessar þyrpingar séu trjátoppar en það var einnig staðfest út frá loftmyndum. Hæsti punktur hverrar þyrpingar var að lokum sóttur og hæð þess punkts dregin frá punkts í fletinum í sömu X og Y hnitum. Með þessu fékkst staðsetning í plani sem og hæð yfir flötunum OCS og VSS. Gengið er út frá því að þessi punktar séu trjátoppar sem eru ýmist yfir eða undir flötunum OCS og VSS.

Ennfremur var gerð greining á þeim trjám sem voru undir flötunum OCS og VSS. Sú greining fór öðruvísi fram en á þeim punktum sem voru fyrir ofan fletina OCS og VSS. Þetta var gert með því að flokka einstaka tré og sækja hæsta punkt á hverju tré sem er þá trjátoppurinn. Hæðin á trjátoppnum var svo dreginn frá þeirri hæð í X og Y hnitum í hvorum fletinum fyrir sig, OCS og VSS. Með þessum upplýsingum fékkst því fjarlægð frá trjátoppum upp í fletina OCS og VSS. Með þessu gagnasetti er því hægt að fá yfirgripsmikinn skilning á þeim hindrunum (skera fletina VSS eða OCS) sem eru til staðar í dag og ennfremur hvar búast má við að trjágróður vaxi á næstu árum upp fyrir fletina OCS og VSS. Á mynd 3 má sjá skjáskot af gögnunum ásamt greiningu á staðsetningu trjáa (trjátoppum, merkt með appelsínugulu) sem og staðsetningu á flötunum OCS og VSS.



Mynd 3. Skjáskot af punktaskýi lituðu með gögnum út frá myndavél til að sýna “raun” liti. Appelsínugulu punktarnir sýna staðsetningu trjátoppa eins og þeir voru greindir í þessu verkefni. OCS er sýnt í dökkbláum lit.

Niðurstöður: Hindranir við OCS

OCS flöturinn nær í austurátt frá braut 13/31 á Reykjavíkurflugvell. Upphaflega var LiDAR punktaskýið greint til þess að staðsetja tré með X, Y og Z hnitum með mjög mikilli nákvæmni (undir 10cm). Greiningin náði yfir tré sem mældust yfir 2,5 metra hæð og í heildina greindust 4.777 tré innan lárétta OCS svæðisins. Mynd 4 sýnir staðsetningu allra þeirra trjáa sem greindust innan lárétts flatar OCS, þar sem X og Y hnit trjánna falla innan X og Y hnita vörpunar OCS flatarins.



Mynd 4. Hér má sjá staðsetningu allra þeirra trjáa (fjólublár punktur)sem greinast innan þess svæðis sem flöturinn OCS markar.

Þegar horft var til skörunar á OCS fleti í Z hnitum (lóðréttu plani) komu í ljós 23 hindranir sem reyndust við yfirferð á loftmynd (RGB mynd) sem aflað var samhliða LiDAR gagnanna allar vera tré, sjá mynd 4. Hæsta tréð sem greindist mældist 1,304 metra yfir skilgreindum OCS fleti en að því meðtöldu mældust tvö tré meira en 1 meter yfir OCS fletinum.



Mynd 5. Staðsetning þeirra trjáa sem mældust yfir skilgreindum OCS fleti, litakóðað eftir hæð þeirra yfir OCS. Heildarfjöldi trjáa yfir OCS fletinum eru 23



Mynd 6. Staðsetning þeirra trjáa sem mældust innan 5 metra frá (neðan við) OCS flötinn, skipt niður í fjóra flokka eftir nálægð við OCS

53 tré sem voru innan við 1 meter undir OCS fletinum voru greind úr LiDAR punktaskýinu og yfirferð á loftmynd renndi stoðum undir að þarna væri um tré að ræða. Þessi hópur 53 trjáa innfelur ekki þau 23 tré sem áður voru greind fyrir ofan OCS, og fjallað er um fyrr í þessari skýrslu og á mynd 5. 71 tré mældust á milli 1 til 2 metra undir OCS fletinum. 102 tré mældust á milli 2 til 3 metra undir OCS fletinum. 165 tré mældust á milli 3 til 5 metra undir OCS fletinum. Tafla með staðsetningu þeirra trjáa í nálægð við OCS sem hér koma fram má finna í viðauka við þessa skýrslu. Sjá einnig samantekt í töflu 1 hér neðar.

Tafla 1. Samantekt niðurstaðna um tré yfir eða undir og nálægt OCS fletinum

OCS flötur	Fjöldi trjáa
Yfir OCS	23
0-1m undir OCS	53
1-2m undir OCS	71
2-3m undir OCS	102
3-5m undir OCS	165

Heildarfjöldi trjáa sem greinast innan láréttra marka OCS flatarins er 4.777 (mynd 4)

Niðurstöður: Hindranir við VSS

Annar flötur sem horft var til er það sem á ensku er nefnt Visual Segment Surface, sem í þessari skýrslu er vísað í sem VSS flöturinn en hann hefur aðra eiginleika en OCS bæði hvað varðar lárétt og lóðrétt stefnu. VSS spannar stærra svæði og er jafnframt í lægri hæð en OCS. Af þessari ástæðu, voru bæði fleiri tré sem greind voru innan láréttra marka VSS flatarins eða 8.326 tré og fleiri tré greindust sem hindranir, þ.e. innan láréttra marka og fyrir ofan lóðrétt mörk hans eða 1.412 tré. Eingöngu tré sem voru hærri en 2,5 metra frá jörðu voru talin. (Mynd 7).



Mynd 7. Niðurstöður greiningar á trjám innan láréttra marka VSS út frá LiDAR punktaskýi, þar sem hver punktur táknar eitt tré.

Þegar horft var til skörunar á VSS fleti í Z hnitum (lóðréttu plani) komu í ljós 1.412 hindranir sem reyndust við yfirferð á loftmynd (RGB mynd) sem aflað var samhliða LiDAR gagnanna allar vera tré, sjá mynd 8. Hæsta tréð sem greindist mældist 12.9 metra yfir skilgreindum VSS fleti.



Mynd 8. Niðurstöður sem sýna tré sem mælast innan og fyrir ofan VSS flötinn, flokkað eftir hæð þeirra yfir VSS fletinum. Heildarfjöldi trjáa yfir fletinum eru 1.412



Mynd 9. Niðurstöður allra trjáa sem mælast 5 metrum neðan við VSS eða ofar en þó neðan við VSS, flokkað eftir fjarlægð þeirra frá VSS fletinum í lóðréttu plani.

166 tré mældust innan við 1 metra undir VSS fletinum út frá greiningu á LiDAR punktaskýinu og loftmynd (RGB mynd) renndi stoðum undir það að þarna væri um tré að ræða en ekki aðrar gerðir hindrana. Þessi hópur 166 trjáa innfelur ekki þau 1.412 tré sem áður voru greind fyrir ofan VSS, eins og fram kemur hér ofar og sýnd eru á mynd 8. 190 tré mældust 1 til 2 metra undir VSS fletinum. 221 tré mældust 2 til 3 metra undir VSS fletinum. 424 tré mældust 3 til 5 metra undir VSS fletinum. Tafla með staðsetningu þeirra trjáa í nálægð við VSS sem hér koma fram má finna í viðauka við þessa skýrslu. Sjá einnig samantekt í töflu 2 hér neðar.

Tafla 2. Samantekt niðurstaðna um tré yfir eða undir og nálægt VSS fletinum

VSS fleti	Fjöldi Trjáa
Yfir VSS	1.412
0-1m undir VSS	166
1-2m undir VSS	190
2-3m undir VSS	221
3-5m undir VSS	424

Heildarfjöldi trjáa sem greinast innan láréttra marka VSS flatarins er 8.326 (mynd 7)

Hnitsetning og nákvæmni gagna

LiDAR punktaskýið er í hnitakerfinu EPSG 9951 (ISN91 / Lambert 1993 hnitakerfi og ISH2004 hæðarkerfi) og var hnitsett með notkun RTK (Real-Time Kinematic) leiðréttingu frá *Continuously Operating Base Station* (CORS) stöð ÍSMAR, staðsett í Reykjavík. Áætluð nákvæmni með þessari aðferð er u.þ.b. ± 2-3 cm en endanleg nákvæmni er háð styrk tengingar við gervitungl þegar gagnaöflunarflug átti sér stað. Vert er að nefna að KP stig (KP Index), sem lýsir truflunum á segulsviði jarðar af völdum sólarvinda, var nokkuð hátt á degi gagnaöflunar eða upp á 7 og getur slíkt dregið úr nákvæmni gagna. Almennt er æskilegt að hafa lægra KP Index en aðrir stærri þættir eins og leyfismál vegna drónaflugs svo nálægt flugvelli og veður voru ráðandi þættir fyrir að framkvæma LiDAR skönnunina á þessum tiltekna degi.

Til að meta nákvæmni LiDAR punktaskýsins í hæð (z-hnit) voru 11 viðmiðunarpunktar mældir á sléttu yfirborði með GNSS-móttakara, með RTK-leiðréttingu frá CORS-grunnstöð í Reykjavík (ÍSMAR). Með því að reikna út muninn á þessum punktamælingum og LiDAR-punktaskýinu er mögulegt að meta skekkju í hæð punktanna. Meðalskekkjan reyndist vera 4 mm, sem bendir til óverulegrar hnattrænnar skekkju í gögnunum. Staðalfrávikið (σ) var fundið vera 3,6 cm, sem sýnir nákvæmni innan væntinga. Að auki reyndist lágmarksmunurinn vera 5 cm og hámarksmunurinn 7,6 cm, sem bendir til þess að ekki sé um marktæk frávik að ræða, hvorki í GNSS-niðurstöðum né í punktaskýinu.

Í heildina er fjöldi flokkaðra trjáa almennt vanmetinn, sérstaklega fyrir heildarfjöldann innan svæða sem skilgreind eru bæði af VSS og OCS, sem og fyrir tré nálægt þessum yfirborðum. Með öðrum orðum að þá er líklegt að raunverulegur fjöldi trjáa sé hærri en áætlað var í greiningu Svarma og birt er í þessari skýrslu. Þetta vanmat stafar af því að minni tré (undir 2,5 metra) eru undanskilin flokkun og sum lítil tré greinast jafnvel ekki ef þau eru falin undir stærri trjám eða eru nálægt 2,5 metra hæðarmörkum. Auk þess geta tré sem standa mjög nálægt hvort öðru verið flokkuð sem eitt tré frekar en aðskildar einingar.

Aftur á móti má gera ráð fyrir því að fjöldi trjátoppa sem ná yfir hindranafleti séu ofmetnir og þar af leiðandi líklegra að fjöldi trjátoppa í raun sem fara upp fyrir hindranafleti séu færri frekar en fleiri en það sem niðurstöður sýna. Þetta stafar af því að aðferð við greiningu þeirra var öðruvísi framkvæmd en sú greining sem var framkvæmd fyrir tré undir hindranaflötum.

Viðauki

Niðurstöður yfir tré sem mælast innan lárétts flatar OCS og ofan við lóðrétt mörk þess ásamt staðsetningu þeirra í X, Y og Z hnitum og hæð yfir OCS fletinum má finna í *241004_isavia_birk_all_trees_over_OCS.csv*

Niðurstöður yfir tré sem mælast innan lárétts flatar OCS og 5 metrum neðan við lóðrétt mörk OCS eða nær, ásamt staðsetningu þeirra í X, Y og Z hnitum og hæð yfir OCS fletinum má finna í *241004_isavia_trees_within_5m_under_OCS.csv*

Niðurstöður yfir tré sem mælast innan lárétts flatar VSS og ofan við lóðrétt mörk þess ásamt staðsetningu þeirra í X, Y og Z hnitum og hæð yfir VSS fletinum má finna í *241004_isavia_birk_all_trees_over_VSS.csv*

Niðurstöður yfir tré sem mælast innan lárétts flatar VSS og 5 metrum neðan við lóðrétt mörk OCS eða nær, ásamt staðsetningu þeirra í X, Y og Z hnitum og hæð yfir VSS fletinum má finna í 241004_isavia_trees_within_5m_under_VSS.csv

2. desember 2024

Hindranir við Aðflugs og Brottflugsfleti við flugbrautir 13/31 á BIRK

Útgáfa AD

Öskjuhlíð, Reykjavík

Tryggvi Stefánsson, Asra Salimi, Amir Hamedpour

Svarmi ehf.
Hlíðasmári 8
201 Kópavogur, Iceland
+354 555 1338

Rev.	Dagsetning	Lýsingar á breytingum	Nafn
AB	2024/11/15	Title changed, Name of surfaces changed from Aðflugsflötur and Brottflugsflötur to Approach surface and Take-off Climb surface, both in text and in pictures. Obstacle limitation defined according to EASA (EU) REG 139/2014.	TS
AC	2024/11/19	Skýrsla þýdd yfir á íslensku	TS
AD	2024/12/02	Mynd á blaðsíðu 6 var merkt sem mynd 3 en mynd 3 er líka á blaðsíðu 5. Mynd á blaðsíðu 6 núna rétt merkt sem mynd 4	TS

Efnisskrá

Yfirlit 4
Aðferðarfræði 4
Niðurstöður: Hindranir á Aðflugsfleti 6
Niðurstöður: Hindranir á Brottflugsfleti 10
Landfræðileg vísun og nákvæmni gagna 13
Viðauki 15

Yfirlit

Markmið þessa verkefnis var að nýta ómannað loftfar (Uncrewed Aerial Vehicle, UAV) búið skynjara sem nemur ljósbylgjur (LiDAR) til að kortleggja skóglendi í Öskjuhlíð. Tilgangurinn var að greina og mæla hæð hindrana sem brjóta í bága við EASA (ESB) REGLUGERÐ 139/2014 um Aðflugs- og Brottflugsfleti. Þetta átti við um flugbraut 13/31 á Reykjavíkurflugvelli (BIRK) (sjá mynd 1). Auk þess var verkefninu ætlað að greina og meta hindranir sem staðsettar eru innan við 5 metra undir þessum flugflötum.

Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir Brottflugsflöt og OSS-fleti við flugbraut 13/31 á BIRK. Græni fjölhyrningurinn sýnir svæðið sem var kortlagt með UAV LiDAR fyrir þetta verkefni og er gagnasettið sem notað var í þessari skýrslu til að ákvarða hindranir á Aðflugsflötum og Brottflugsflötum.

Aðferðarfræði

Þann 4. október 2024, á milli kl. 11:00 og 13:00, var svæðið kortlagt með UAV LiDAR flugum sem náðu yfir um það bil 0,406 km². Við þessa mælingu varð til 3D punktaský þar sem hver punktur var nákvæmlega staðsettur í rými með x, y og z hnitum. Punktaskýið var með meðal þéttleika um 1.674 punkta á hvern fermetra, sem jafngildir meðalfjarlægð milli punkta upp á um 2,5 cm. Þessi þéttleiki var nægjanlegur til að greina hindranir, flokka tré og mæla hæðir yfir eða undir Aðflugsflötum og Brottflugsflötum með sentímetra nákvæmni. Samtímis var tekið RGB myndrænt efni sem bætti enn frekar við greiningu hluta í punktaskýinu. Mynd 1 sýnir staðsetningu Aðflugsflatar og Brottflugsflatar í tengslum við

flugvöllinn ásamt svæðinu sem var skannað með UAV. Mynd 2 sýnir skóginn eins og hann var flokkaður af Svarma og mynd 3 sýnir hvernig fletirnir eru staðsettir í samhengi við 3D punktaskýið.



Mynd 2. 3D yfirlitspunktaský LiDAR (litað með RGB-gildum) þar sem appelsínuguli punkturinn táknar staðsetningu eins trés, flokkað af Svarma. Aðflugsflöturinn er sýndur í rauðu og Brottflugsflöturinn í grænu.



Mynd 3. Skjáskot af legu á3D punktaskýi frá LiDAR ásamt Brottflugsfletit (grænn) og Aðflugsfletit (rauður).

Fletirnir skerast við yfirborð jarðar á ákveðnum stöðum, eins og mynd 4 sýnir. Þar má sjá hvar þeir fara í gegnum stafrænt yfirborðslíkan (Digital Terrain Model, DTM), sem sýnir eingöngu yfirborð á jörðu þar sem mannvirki og gróður hafa verið fjarlægð.



Mynd 4. 3D yfirlit sem sýnir skurðpunkt stafræns landslagslíkans (DTM) og Brottflugsflatar (rauður) og Aðflugsflötur (blár).

Til að greina punktaskýið voru tré í punktaskýinu flokkuð sjálfvirkt, og hæð trjánna, hæð yfir sjávarmáli, ásamt X og Y hnitum, skráð. Hæð hindrana miðað við Aðflugsflöt og Brottflugsflöt var reiknuð með því að draga flatahæðina (á X og Y hnitum trésins) frá hæð trésins (hæsta skráða punktinum á flokkaða trénu). Þetta gaf nákvæma áætlun á fjarlægð frá trjátoppi til flatarins. Hver punktur táknar topp trés eða hindrunar og inniheldur eiginleika fyrir staðsetningu, hæð trjátopps yfir sjávarmáli, lóðrétta fjarlægð frá flötum (Aðflugsflöt og Brottflugsflöt), ásamt hæð trésins.

Auk þess voru hlutir innan 5 metra fjarlægðar neðan við hvern flöt greindir með því að draga hæðir Aðflugsflatar og Brottflugsflatar frá hæðum trjátoppa. punktar, sem hafa neikvæð hæðargildi miðað við fletina, tákna mögulegar framtíðar hindranir vegna vaxtar trjáa.

Niðurstöður: Hindranir á Aðflugsfleti

Aðflugsflöturinn teygir sig austur frá flugbraut 13/31 á BIRK. Í upphafi var LiDAR punktaskýið flokkað til að staðsetja tré með X-, Y- og Z-hnitum með sentímetra nákvæmni. Alls voru 8.111 tré flokkuð innan áætlaðs svæðis Aðflugsflatar, þar sem einungis tré sem eru hærri en 2,5 metrar yfir jörðu voru skilgreind sem slík. Mynd 5 sýnir flokkuð tré innan þess svæðis sem Aðflugsflöturinn markar, þar sem X- og Y-hnit trjáa eru sýnd.



Mynd 5. Niðurstöður allra trjáa sem flokkuð voru innan þess svæðis sem Aðflugsflöturinn markar í LiDAR punktaskýinu. Hver punktur táknar eitt tré.

Alls voru 7.690 hindranir (tré sem skarast við flötinn) greindar í LiDAR punktaskýinu.. Hæsta tréð náði 36,1 metra yfir hæð Aðflugsflatarins.



Mynd 6. Staðsetning allra trjáa sem eru yfir Aðflugsfleti, þar sem hæð þeirra yfir flötinn er sýnd í skýringarmyndinni.



Mynd 7. Niðurstöður allra trjáa innan 5 metra fyrir neðan Aðflugsflötinn, tré eru flokkuð í fjóra hópa þar sem fjarlægð þeirra frá fletinum er sýnd í skýringarmyndinni.

Alls voru 122 tré innan 1 metra fyrir neðan Aðflugsflötinn flokkuð út frá LiDAR punktaskýinu. Þessi tré eru ekki talin með þeim sem þegar hafa verið skilgreind sem standa ofan við Aðflugsflötinn (7.690 tré, lýst hér að ofan). Fyrir tré í 1 til 2 metra fjarlægð fyrir neðan Aðflugsflötinn voru 117 tré flokkuð. Á bilinu 2 til 3 metrar fyrir neðan fundust 59 tré, og 82 tré voru staðsett á bilinu 3 til 5 metrar fyrir neðan Aðflugsflötinn (töflur yfir hindranir yfir Aðflugsfleti má finna í viðauka). Samantekt á niðurstöðum er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Samantekt niðurstaða: Fjöldi trjáa yfir eða undir nálgunarfletinum

Aðflugsflötur (EASA (EU) REG 139/2014)	**Fjöldi trjáa**
Yfir Aðflugsfleti	7690
0-1 m fyrir neðan Aðflugsflöt	122
1-2 m fyrir neðan Aðflugsflöt	117
2-3 m fyrir neðan Aðflugsflöt	59
3-5 m fyrir neðan Aðflugsflöt	82

Heildarfjöldi trjáa sem flokkuð voru innan Aðflugsflatar voru 8,111

Niðurstöður: Hindranir á Brottflugsfleti

Brottflugsflötur, hefur sömu stefnu og Aðflugsflötur en þekur minni svæði. Fjöldi trjáa sem standa upp úr Brottflugsfletinum eru 7.655 tré af alls 7.861 flokkuðum trjám innan þess svæðis sem Brottflugsflöturinn markar. Einungis tré sem eru hærri en 2,5 metrar yfir jörðu voru flokkuð sem tré (sjá mynd 8).



Mynd 8. Niðurstöður allra trjáa sem flokkuð voru innan þess svæðis sem Brottflugsflöturinn markar í LiDAR punktaskýinu. Hver blár punktur táknar eitt tré.



Mynd 9. Staðsetning og hæð allra trjáa yfir Brottflugsfleti, flokkaðar eftir hæð þeirra yfir fletinum..



Mynd 10. Niðurstöður allra trjáa sem eru fyrir neðan Brottflugsflötinn en nær en 5 metrar frá honum, flokkaðar í fjóra flokka eftir fjarlægð þeirra frá fletinum.

92 tré innan 1 metra fyrir neðan Brottflugsflötinn voru flokkuð með LiDAR punktaskýinu. Þessi tré eru ekki talin með þeim sem þegar hafa verið skilgreind sem standa upp úr Brottflugsfleti (7.655 tré, eins og lýst er hér að ofan). Fyrir tré í 1 til 2 metra fjarlægð fyrir neðan flötinn voru 37 tré flokkuð. 38 tré voru staðsett á bilinu 2 til 3 metrar fyrir neðan, og 25 tré voru á bilinu 3 til 5 metrar fyrir neðan Brottflugsflötinn (töflur yfir hindranir yfir Brottflugsfleti má finna í viðauka). Samantekt á niðurstöðum má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Samantekt niðurstaðna: Fjöldi trjáa yfir eða undir Brottflugsfleti

Brottflugsflötur (EASA (EU) REG 139/2014)	**Fjöldi trjáa**
Yfir Brottflugsfleti	7655
0-1 m undir Brottflugsfleti	92
1-2 m undir Brottflugsfleti	37
2-3 m undir Brottflugsfleti	38
3-5 m undir Brottflugsfleti	25

Heildarfjöldi trjáa sem flokkuð voru innan Brottflugsflatar eru 7861

Landfræðileg vísun og nákvæmni gagna

LiDAR punktaskýið var landfræðilega staðsett í EPSG 9951 (ISN93 / Lambert 1993 hnitakerfi og ISH2004 hæðarkerfi). Notast var við RTK (Real-Time Kinematic) leiðréttinga frá grunnstöðvarkerfi (CORS) staðsettu í Reykjavík (ÍSMAR). Áætluð nákvæmni þessarar aðferðar er venjulega ± 1-3 cm, en er breytileg eftir aðstæðum hverju sinni. Athuga skal að KP vísitala (sem lýsir truflunum í segulsviði jarðar vegna sólvinds) var töluvert há þann sem mælingar voru framkvæmdar og náði allt að 7, sem gæti haft áhrif á nákvæmni gagnanna. Venjulega er lægri KP vísitala æskileg, en aðrir stærri þættir eins og flugleyfi og veðuraðstæður réðu því að LiDAR skönnunin var framkvæmd á þessum tiltekna degi.

Til að meta nákvæmni LiDAR gagnanna í hæð (z-hniti) voru 11 viðmiðunarpunktar mældir á sléttum flötum með GNSS-móttakara, með RTK leiðréttingu frá CORS grunnstöðinni í Reykjavík (ÍSMAR). Með því að bera saman þessar mælingar við LiDAR punktaskýið var hægt að meta skekkju í hæðarpunktum. Meðalskekkja var reiknuð 4 mm, sem bendir til óverulegar hliðrunar í gögnunum. Staðalfrávik (σ) reyndist vera 3,6 cm, sem bendir til nákvæmni sé innan þess sem væntа má. Lágmarks munur var 5 cm og hámarks munur 7,6 cm, sem bendir til þess að engir verulegir gallar séu til staðar í GNSS-mælingunum eða punktaskýinu.

Heildarfjöldi flokkaðra trjáa er almennt vanmetinn. Líklegt er að raunverulegur fjöldi trjáa sé hærri en talið er í öllum framangreindum mati. Þetta vanmat stafar af því að minni tré (undir 2,5 metrum) eru útilokuð frá flokkun, og sum lítil tré séu ekki tekin með t.d ef þau eru falin undir stærri trjám eða falla nálægt 2,5 metra hæðarmörkum. Að auki geta tré sem eru mjög þétt nálægt hvert öðru verið flokkuð sem eitt tré í stað þess að vera greind sem aðskilin tré.

Athuga skal að önnur aðferð var notuð við mat á trjám yfir Aðflugs og Brottflugsflötum samanborið við aðferðir sem voru notaðar í fyrri skýrslu til að meta fjölda og staðsetningu trjáa yfir OCS og VSS.

Viðauki

Tafla 3. Sýnir staðsetningu þeirra trjáa sem ná yfir Aðflugsflöt

Sjá í viðhengi csv skrá: "trees_above_adflugflotur.csv"

Table 4. Tré sem eru 5m undir eða nær Aðflugsfleti

#	X	Y	Z	z_diff
1	357488.7438	406027.008	15.6796999	-1.296325519
2	357491.4561	406021.5352	15.93879986	-1.137715674
3	357492.0554	406018.7124	15.1257	-1.988657334
4	357520.1323	406016.247	16.67230034	-0.9571580236
5	357512.1511	406015.4842	17.30360031	-0.1936189582
6	357496.6206	406013.6724	15.77009964	-1.472970638
7	357526.982	406013.1454	16.84460068	-0.9347518785
8	357496.5651	406012.0633	15.81089973	-1.446794087
9	357508.1404	406011.9834	17.11619949	-0.3447782636
10	357499.9241	406010.5425	17.32929993	-0.001899295731
11	357494.7568	406010.5092	15.96150017	-1.279619219
12	357535.3215	406002.0298	18.0095005	-0.02347799551
13	357524.9323	406001.4858	16.09469986	-1.761790995
14	357520.0884	406000.7275	17.72200012	-0.05709441958
15	357535.0752	405998.563	18.02319908	-0.03906681825
16	357512.046	405997.3063	15.6633997	-2.008149191
17	357506.5669	405991.5324	15.33860016	-2.29304836
18	357511.4883	405991.4653	17.15189934	-0.5664998387
19	357504.1754	405991.4211	15.90110016	-1.689787252
20	357509.4408	405989.6221	15.93879986	-1.761640572
21	357519.7837	405983.8474	17.54220009	-0.3951545212

22	357522.3542	405982.7202	16.50799942	-1.485251689
23	357521.2865	405980.8569	16.64089966	-1.3517297
24	357523.143	405979.964	17.74869919	-0.2850625549
25	357516.761	405979.6524	16.14489937	-1.780229037
26	357517.3785	405977.2642	16.61599922	-1.343076883
27	357513.8463	405976.8964	16.0265007	-1.87434371
28	357515.9304	405973.4084	17.12730026	-0.843810722
29	357530.6354	405969.2079	16.91810036	-1.350983179
30	357550.2086	405965.4461	16.55920029	-2.088775208
31	357526.9069	405964.4289	16.29739952	-1.952768483
32	357539.8215	405962.9259	18.17880058	-0.3118767631
33	357535.9244	405962.7971	16.79529953	-1.62844434
34	357539.5804	405960.5693	18.1977005	-0.3115954453
35	357531.0495	405957.6454	16.0890007	-2.299384203
36	357538.013	405957.147	17.7220993	-0.7929436423
37	357532.5509	405956.4274	16.32010078	-2.10635515
38	357541.7333	405955.1722	18.06949997	-0.529767302
39	357545.7682	405951.027	17.70800018	-1.002030266
40	357542.633	405924.4694	18.46629906	-0.4462616795
41	357558.1884	405923.4844	17.87940025	-1.314848744
42	357544.0234	405922.9635	18.27359962	-0.6778804354
43	357538.3204	405922.4809	18.66559982	-0.1907817092
44	357542.2076	405920.8609	18.13949966	-0.8005894739
45	357534.9634	405920.3093	16.65769958	-2.160997822
46	357540.1173	405919.2872	17.79000092	-1.128769366
47	357404.086	405919.1667	16.4333992	-0.1066620729
48	357537.7655	405918.279	18.36730003	-0.5200959122

49	357408.5883	405915.34	16.19070053	-0.4652165376
50	357564.7723	405913.4859	18.51980019	-0.8865344812
51	357406.5615	405912.0277	15.95160007	-0.7009590947
52	357562.906	405911.6204	19.0557003	-0.3360605881
53	357565.9759	405911.3667	19.10470009	-0.3432279716
54	357410.9935	405910.4818	14.96319962	-1.781878306
55	357562.8658	405909.1583	19.03199959	-0.3829201407
56	357568.1252	405908.6044	18.67840004	-0.8339024798
57	357567.658	405906.6884	19.3635006	-0.15919599
58	357568.6655	405903.5136	18.44389915	-1.12719158
59	357411.4078	405902.2987	16.45369911	-0.3779335545
60	357552.5937	405901.8832	19.01659966	-0.2891159081
61	357567.0452	405900.9267	17.79780006	-1.770014687
62	357519.7274	405900.3818	17.97570038	-0.769568083
63	357555.0434	405900.2639	19.26950073	-0.09476400828
64	357405.5997	405900.2174	16.17149925	-0.5786898352
65	357570.962	405899.9211	19.61310005	-0.03298441706
66	357573.4026	405899.1537	19.44549942	-0.2507219604
67	357569.3893	405899.0684	18.5557003	-1.071133087
68	357411.2926	405897.8181	16.4307003	-0.4423390934
69	357571.0206	405894.5844	17.23670006	-2.462129232
70	357554.407	405893.688	17.95439911	-1.462461753
71	357556.2065	405891.4033	18.35700035	-1.113485485
72	357569.8085	405890.9133	16.15010071	-3.563101786
73	357414.5961	405890.6745	16.28890038	-0.7111654969
74	357552.0537	405888.7479	17.35110092	-2.072466242
75	357554.8244	405888.7418	17.91710091	-1.554998119

76	357572.4611	405888.2849	18.18330002	-1.601781534
77	357577.7862	405880.2277	19.1243	-0.8320306205
78	357464.5858	405877.2402	16.40209961	-1.602736037
79	357483.169	405877.2395	17.06719971	-1.262757519
80	357451.9182	405876.9917	16.21699905	-1.568625221
81	357460.8516	405877.0052	16.15399933	-1.787784585
82	357479.5194	405876.9938	17.11619949	-1.152288522
83	357488.205	405876.8674	16.68580055	-1.735867175
84	357474.1742	405876.7	16.63339996	-1.5444214
85	357469.8989	405876.5776	16.48690033	-1.617309307
86	357492.8855	405876.58	16.78009987	-1.72623909
87	357457.5419	405876.5174	16.31809998	-1.570508206
88	357447.0018	405876.2183	16.82620049	-0.8809052557
89	357443.3989	405875.7251	16.43720055	-1.211653446
90	357577.001	405875.748	19.35029984	-0.635708047
91	357438.2349	405874.475	16.13150024	-1.439123965
92	357435.3398	405874.1854	16.1128006	-1.409980028
93	357473.8296	405873.7708	16.23679924	-1.963379872
94	357472.0182	405873.2852	14.38790035	-3.785296086
95	357583.083	405872.7929	18.92580032	-1.195251138
96	357430.665	405872.127	15.81130028	-1.649643361
97	357425.9909	405871.3037	15.07579994	-2.311348347
98	357428.3297	405869.7867	16.89019966	-0.5525683049
99	357565.5431	405867.983	17.51390076	-2.346904861
100	357427.0159	405867.6381	17.09429932	-0.3463061115
101	357429.4126	405865.9555	16.65640068	-0.8424417348
102	357422.5239	405865.1077	15.11989975	-2.26664142

103	357419.29	405863.9169	16.28000069	-1.061504308
104	357565.426	405863.0819	18.02070045	-1.885553789
105	357582.1695	405862.2515	16.74139977	-3.465830685
106	357418.5526	405861.2292	16.32640076	-1.028249654
107	357568.7904	405860.0726	18.40239906	-1.591880526
108	357419.3489	405859.715	16.77969933	-0.6035568151
109	357584.4615	405858.9955	17.12610054	-3.152785156
110	357566.1606	405857.683	17.96249962	-2.008929295
111	357587.1953	405856.2355	18.9878006	-1.365660944
112	357572.2735	405854.3294	17.22870064	-2.88217529
113	357568.9074	405853.6538	17.33049965	-2.728032828
114	357407.9354	405853.4651	16.72500038	-0.519146857
115	357571.6211	405851.5985	19.5760994	-0.54982866
116	357407.2712	405848.8644	16.13150024	-1.145612314
117	357565.5474	405845.5656	17.90870094	-2.169433834
118	357407.7096	405844.664	16.99220085	-0.3332903523
119	357567.4225	405844.6023	18.22979927	-1.890476586
120	357566.1552	405843.5112	18.21730042	-1.891377838
121	357564.8815	405840.935	17.4951992	-2.616162706
122	357407.8246	405839.9733	15.96199989	-1.410962604
123	357407.8756	405835.2964	15.42370033	-1.995480718
124	357408.2893	405832.1256	15.48919964	-1.967947058
125	357409.7914	405827.3252	16.2215004	-1.308449283
126	357410.4554	405824.0242	15.70940018	-1.864157206
127	357410.27	405822.5315	15.5177002	-2.067079125
128	357410.8908	405820.1214	15.46990013	-2.149097652
129	357575.7483	405820.0614	18.64150047	-1.862271828

130	357588.8885	405819.4602	20.30809975	-0.4313880606
131	357591.1256	405814.4719	16.6882	-4.138767592
132	357594.298	405813.5275	17.4272995	-3.464322767
133	357470.6923	405813.207	18.07250023	-0.6597399094
134	357591.062	405812.3809	17.30500031	-3.541120492
135	357414.4577	405811.0529	16.61919975	-1.150087981
136	357597.0582	405811.0448	18.84970093	-2.114272405
137	357440.5704	405810.3293	17.85140038	-0.3817437457
138	357600.4159	405809.0741	19.49909973	-1.542715326
139	357413.9425	405809.023	16.43079948	-1.349146823
